

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjagerða og lyfjaheildsala og eftirlit með þeim nr. 289 22. desember 1970.

1. gr.

Eftirfarandi setning í 14. gr. b-lið falli burt:

Efni notuð í rannsóknarskyni skal auðkenna með rauðum merkimiða.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. marz 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

24. marz 1971.

Nr. 49.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Múlakotsbæja í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Múlakotsbæja. Heimili þess og varnarþing er í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru 3. Einn ábúandi frá hvorri jörð Múlakoti 1 og Múlakoti 2 og Skógrækt ríkisins í Múlakoti 1 í Fljótshlíðarhreppi.

Félagsskylda er samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiðast fyrir hvert býli á félagssvæðinu, svo og þeim styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

5. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarnefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

6. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með 5 daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. maí ár hvert. Boða skal til hans með 6 daga fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna mæta.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 1 endurskoðandi til eins árs í senn.

8. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðanda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundir og aðalfund. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og les ritari fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og vatnslögn í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

10. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Múlakotsbæja í Fljótshlíðarhreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Haligrímur Dalberg.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að bæirnir Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hnjúkur og Helgavatn, er nú tilheyra Undirfellssókn, falli undir Þingeyrarsókn í Húnavatnsprófastsdæmi.

Eftir ósk meirihluta safnaðarfunda í báðum hlutaðeigandi sóknum og ályktun héraðsfundar Húnavatnsprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 3. desember s. l., og með skirskotun til 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, leyfi til þess, að eftirtaldir 5 bæir, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hnjúkur og Helgavatn, er hingað til hafa tilheyrt Undirfellssókn í Húnavatnsprófastsdæmi, tilheyri framvegis Þingeyrarsókn í sama prófastsdæmi.